

Fornleifarannsókn í Móakoti 2016

Framvinduskýrsla



Bóel Hörn Ingadóttir
Florencia Bugallo Dukelsky
Margrét Jóhannsdóttir
Ómar Valur Jónasson
Rannveig Þórhallsdóttir
Sólrún Inga Traustadóttir



Háskóli Íslands
Reykjavík 2017

Fornleifarannsókn í Móakoti 2016

© Háskóli Íslands

© Bóel Hörn Ingadóttir, Margrét Jóhannsdóttir, Florencia Bugallo Dukelsky, Ómar Valur Jónasson, Rannveig Þórhallsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir.

Ritstjóri Sólrún Inga Traustadóttir.

Forsíðumynd: Móakot 2016. Yfirlitsmynd við lok rannsóknar 2016. Horft í norðaustur.

Ljósmyndari: Margrét Jóhannsdóttir. Ljósmynd nr. 172 í ljósmyndaskrá.

Háskóli Íslands

Reykjavík 2017

Efnisyfirlit

Myndaskrá	4
1. Inngangur og samantekt	5
English Summary	5
2. Staðhættir	6
3. Saga byggðar	7
4. Fyrri rannsóknir	8
5. Uppgröfturinn 2016	10
5.1 Aðferðafræði	12
5.2 Lýsing á byggingum og öðrum mannvirkjum.....	13
6. Gripir	15
6.1 Leir.....	16
6.2 Gler	16
6.3 Járn	17
6.4 Málmar	17
6.5 Skel	17
6.6 Bein	17
6.7 Steinn	18
6.8 Viður	19
6.9 Lífrænt efni	19
6.10 Kol	19
6.11 Gjall	19
7. Umræða	20
8. Heimildir	22
9. Viðaukar	25
Einingaskrá 2016-21	26
Harris Matrix - flæðirit	29
Teikningar nemenda	30
Fundaskrá Móakot 2016-21	33
Ljósmyndaskrá	60

Myndaskrá

Mynd 1. Yfirlitsmynd af staðsetningu Móakots á Seltjarnarnesi. Unnið í Google maps af Ómari Vali Jónssyni.	6
Mynd 2. Hér má sjá staðsetningu þeirra könnunarskurða sem Fornleifastofnun Íslands gerði árið 2015. Uppgraftarsvæði Móakots er afmarkað með dökkum ferningi, Framkvæmdasvæðið er afmarkað með rauðu og skurðirnir með númeri.	10
Mynd 3. Nemendur við uppgröft. Verið er að fjarlægja byggingu B. Horft mót suðri.	11
Mynd 4. Fiskibeinalagið [71380] sigtað. Horft mót austri.	11
Mynd 5. Kort af uppgraftarsvæðinu 2016. Inn á kortinu má m.a. sjá staðsetningu fiskibeinalags [71380] og skeljalags [73530]. Kortagerð: Margrét Jóhannsdóttir.	12
Mynd 6. Mannvirki D komið í ljós í norðvesturhorni uppgraftarsvæðis.	14
Mynd 7. Loftmyndir af uppgraftarsvæðinu í Móakoti 2015 (til vinstri) og 2016 (til hægri). Ljósmynd: Gísli Pálsson.	14
Mynd 8. Fjöldi funda eftir efni. Alls voru skráðir 240 fundir uppgraftarárið 2016 í Móakoti.	15
Mynd 9. Krítarpípuhaus 2016-21-167 úr veggjafyllingu [67449].	16
Mynd 10. Glerperla 2016-21-105.	16
Mynd 11. Hauskúpa úr fugli 2016-21-69 sem fannst í fiskibeinalagi [71380].	17
Mynd 12. Fiskibeinalag [71380] heldur áfram til vesturs í sniði á uppgraftarsvæðinu. Í því voru m.a. rónaglar, önglar, skeljar og fiskibein. Skalinn á myndinni hægra megin er 20 cm. Horft í norðvestur.	18
Mynd 13. Snældusnúður 2016-21-1.	18
Mynd 14. Stöplarit sem sýnir þyngd ákveðna efnisflokka í grömmum.	20
Mynd 15. Hópmynd af nemendum og leiðbeinendum við lok uppgrftar í Móakoti 2016. Ljósmynd: Gísli Pálsson.	21
Mynd 16. Uppgraftarsvæði Móakots. Kortagerð: Ómar Valur Jónsson.	30
Mynd 17. Svæðið sem lögð var áhersla á, árið 2016. Sést móta fyrir byggingum B og C. Kortagerð: Ómar Valur Jónsson.	30
Mynd 18. Teikning af veggjaleifum [97] og [98]. Teikning: Margrét Jóhannsdóttir.	32

1. Inngangur og samantekt

Í maí 2016 hófst fornleifarannsókn í Móakoti á Seltjarnanesi í fjórða sinn. Rannsóknin er á vegum Háskóla Íslands í samstarfi við Seltjarnarnesbæ og Þjóðminjasafn Íslands. Uppgröftur fór fram 10. maí - til 2. júní og er jafnframt vettvangsnámskeið¹ nemenda á fyrsta ári í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Stjórnendur á vettvangi og leiðbeinendur nemenda voru Sólrún Inga Traustadóttir fornleifafræðingur (leyfishafi) og Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur hjá Þjóðminjasafni Íslands. Nemendur og aðrir er tóku þátt í rannsókninni 2016 eru Florencia Bugallo Dukelsky nemandi, Hólmfríður Sveinsdóttir nemandi, Indriði Skarphéðinsson nemandi, Margrét Jóhannsdóttir nemandi og Ómar Valur Jónasson nemandi. Þakkir fá Svavar Níelsson, nemi á öðru ári í fornleifafræði, sem kom og aðstoðaði við rannsóknina í þrjá daga. Einnig Gísli Pálsson fornleifafræðingur sem tók loftmyndir af uppgraftarsvæðinu með flygildi. Uppgrftarleyfi veitti Minjastofnun Íslands og fékk rannsóknin númerið 201504-0125 og eftirfarandi safnnúmer hjá Þjóðminjasafni Íslands: 2016-21. Skýrsla þessi er unnin að mestu leiti í áfanganum *Aðferðafræði II FOR202G* þar sem nemendur vinna m.a. við úrvinnslu uppgraftargagna undir umsjón kennara.

Móakot er staðsett á Seltjarnanesi við Nesstofu og var hjáleiga frá bænum Nesi. Samkvæmt rituðum heimildum á Móakot að hafa farið í eyði 1779, en gripir og jarðlagasamhengi benda til þess að byggð hafi lagst af síðar. Tilgangur rannsóknarinnar er tvíþættur. Í fyrsta lagi að rannsaka efnismenningu 18. aldar hjáleigubúskaps og í öðru lagi að gefa fyrsta árs nemendum vettvangsreynslu.² Alls voru skráðir 240 fundanúmer árið 2016, mest var af dýrabeinum en einnig töluvert af járni og leir, þá aðallega leirker. Lögð var áhersla á byggingar og mannvistarlög á vestari hluta uppgraftarsvæðisins og verður greint frá þeim í þessari áfangaskýrslu.

English Summary

In the summer of 2016, during the month of May, the annual excavation for the course *Fornleifarannsókn á Vettvangi II* (FOR406G) was conducted. The area in which the excavation took place is in the township of Seltjarnarnes, located within the capital region of Reykjavík. The research site is a farm mound of a 18th century cottage, Móakot. According to written sources the site was inhabited from between 1703 - 1779, even earlier. Previous excavation work has taken place since the year of 2013 and the findings in certain cultural

¹ Fornleifarannsókn á vettvangi II (FOR406G)

² Sólrún Inga Traustadóttir, Sýlvía Oddný Arnardóttir og Þórunn Karólína Pétursdóttir, 2016, bls. 3.

layers suggest that the farm may have been inhabited somewhat after that. The aim of the research is to investigate the material conditions of life in the 18th century cottage and to provide students from the University of Iceland experience in field work. During the excavation 2016 focus was set on the west side of the open area, in and around buildings B and C. A new building was discovered in the NW corner of the site, building D. Two other features were discovered, under building B: two walls belonging to two different structures, [97] and [98]. The total amount of finds were 240. The most common materials were animal bones, iron and clay, mainly pottery. Other materials were stone, glass, metals, wood and organic material. For further information - see chapter 4. Most of the artifacts came from wall fills in buildings B and C or midden layers outside the buildings on the farm mound.

2. Staðhættir

Bæjarhóll Móakots í Nesi er í landi Seltjarnarneskaupstaðar, um 150 m NNA af Nesstofu. Móakot er á miðju framnesinu, gott útsýni er til sjávar og stuttur gangur til nálæggra býla. Í nágrenninu eru einnig safnstofa Læknaminjasafns Íslands og útivistarsvæðið Gróttta.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af staðsetningu Móakots á Seltjarnarnesi. Unnið í Google maps af Ómari Vali Jónssyni.

3. Saga byggðar

Móakots er fyrst getið í rituðum heimildum í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 og er Móakot þá eitt af níu hjáleigum á kirkjustaðnum Nesi við Seltjörn. Þó voru einnig þrjár aðrar hjáleigur, ásamt einu tómthúsi, við bæinn. Einnig var eitt lögbýli á óskiptu landi við lóð Ness ásamt fjórum ónefndum hjáleigum. Ábúandi Móakots var Grímur Ellendsson og bjó hann þar ásamt þrem öðrum einstaklingum.³

Móakot, sjötta hjáleiga [viðb. höf: frá kirkjustaðnum Nesi við Seltjörn]. Jarðardýrleiki er óviss. Ábúandinn er Grímur Ellendsson. Landskuld 1 álnir. Betalast með iij vætt fiska í kaupstað í reikning heimabóndans. Við til húsabótar leggur hjáleigumaðurinn hingað til, en þar sem hann þrýtur leggur heimaábúandinn. Kvaðir eru mannlán árið um kring, gelst in natura. Dagsláttur einn. Frá Bessastöðum skipaferð ein til forn ut supra. Kvikfjenaður ii kýr. Fóðrast kann ii kýr. Heimilismenn iii. Eldviðartak af mósukurði (JÁM III, bls. 243).

Út frá þessari tilvitnun í *Jarðabók* er hægt að draga þá ályktun að fiskur hafi verið mikilvægur fyrir fólk á Seltjarnarnesi á á þessum tíma, þar sem ábúendur borguðu landskuldir í fiskvættum. Einnig er vert að nefna að Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Rúnar Leifsson skráðu talsvert af minjum tengdum sjávarútvegi árið 2006 þegar þau unnu fornleifaskráningu á svæðinu.⁴ Því er ekki úr vegi að skoða nánar hvernig efnismenning Móakots tengist útgerð á staðnum, enda ekki langt að sækja sjóinn fyrir ábúendur á nesinu.

Vitað er að Seltjarnarnes byggðist fljótlega eftir landnám, á landi sem nú telst hluti af Reykjavík,⁵ yst á nesi⁶ og á fyrri hluta 10. aldar við Nes á Seltjörn.⁷ Flestir sem ritað hafa um landnám í Reykjavík og Seltjarnarnesi nota *Landnámu* sem heimild.⁸ Vitað er að byggð í Móakoti hófst í síðasta lagi rétt fyrir 1703 og er talin hafa farið í eyði 1779.⁹ Í heimildum frá Jón Espólín kemur fram að í Básendaflóðinu 1779 hafi óveður og flóð eyðilagt margar jarðir á Seltjarnarnesi.¹⁰

³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1983, bls. 239-249.

⁴ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Rúnar Leifsson 2006.

⁵ Roberts 2001; Vala Garðarsdóttir 2010, bls. 87; Matthías Þórðarson 1944; Nordahl 1988, bls. 29; Kristín Huld Sigurðardóttir 1987.

⁶ Margrét Hermanns Auðardóttir 2005; Lucas og Guðmundur Ólafsson (e.d.) 2012.

⁷ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1990.

⁸ Örnólfur Thorsson 1990.

⁹ Birna Gunnarsdóttir 1995; Heimir Þorleifsson 1991, bls. 136.

¹⁰ Lýður Björnsson 2006, bls. 6.

Lengi vel var Nes í Seltjörn þó þekkt fyrir að hýsa landlæknisembættið. Nesstofa, hýbýli landlæknis, var reist á staðnum á árunum 1761-1763.¹¹ Bjarni Pálsson var fyrsti landlæknir Íslands en hann var einnig fyrsti ábúandi Nesstofu.¹²

Fyrir frekari heimildir um Móakot má m.a. skoða framvinduskýrslur fyrri ára um rannsóknina.

4. Fyrri rannsóknir

Seltjarnarnes hefur verið rannsakað töluvert síðustu áratuginna bæði vegna áhuga fornleifafraeðinga á staðnum en einnig vegna ýmissa framkvæmda.¹³ Mannabein hafa fundist nokkrum sinnum vegna framkvæmda, m.a. í vatnsveituskurði og í garði einbýlishúss.¹⁴ Einnig hafa farið fram uppgreftir við Nesstofu á gamla bæjarhól Ness á vegum Háskóla Íslands, Seltjarnarneskaupstaðar og Læknaminjasafns Íslands. Að auki hefur verið leitað að staðsetningu kirkjunnar á Nesi og var niðurstaða þeirra rannsókna að hún væri nálægt Neströð 7.¹⁵ Seltjarnarnes var með fyrstu bæjarfélögum á Íslandi til að láta framkvæma fornleifaskráningu, stór hluti minjanna tengdist hersetu en einnig voru skráðar sjóminjar.¹⁶ Teknar voru vetrarloftmyndir árið 1994 til frekari rannsókna á svæðinu.¹⁷ Þegar Læknaminjasafn var byggt árið 1997 voru teknir átta profuskurðir til að rannsóknar á fornminjum.¹⁸ Árið 2004 var Margrét Hermanns-Auðardóttir fengin til að stjórna fornleifakönnun þegar Seltjarnarneskaupstaður ráðgerði að byggja verstöð við Bygggarðsvör til minningar um sjósókn á staðnum. Í rannsókninni var staðfest að fyrir voru minjar um sjósókn og ennfremur kom í ljós torfveggur frá 10. öld.¹⁹ Árið 2005 fóru einnig fram fornleifarannsóknir við Nesstofu vegna endurbóta á húsakosti.²⁰ Áður hafði Guðmundur Ólafsson verið kallaður út vegna skipulagsóreiðu er Rótarýklúbbur Seltjarnarnes fór út fyrir leyfileg mörk framkvæmda og því urðu fornleifar fyrir hnjaski.²¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og

¹¹ Gylfi Björn Helgason, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir, 2015, bls. 6-8.

¹² Helge Finsen og Esbjörn Hiort, 1978, bls. 64-70.

¹³ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1990; Orri Vésteinsson 1995; Guðmundur Ólafsson 1997; Kristinn Magnússon og Guðmundur Ólafsson 2006; Guðmundur Ólafsson og Hanssen, S. C. J. 2007; Guðrún Alda Gísladóttir 2015.

¹⁴ Orri Vésteinsson 1995; Kristinn Magnússon og Guðmundur Ólafsson 2006.

¹⁵ Orri Vésteinsson 1995.

¹⁶ Birna Gunnarsdóttir 1995.

¹⁷ Sigurjón Páll Ísaksson og Þorgeir S. Helgason 1995.

¹⁸ Guðmundur Ólafsson 1997.

¹⁹ Margrét Hermanns Auðardóttir 2005.

²⁰ Guðmundur Ólafsson og Hansen, S. C. J. 2007; Parigoris 2005.

²¹ Guðmundur Ólafsson 2000.

Rúnar Leifsson skráðu síðan árið 2006 yfir 300 minjar á Seltjarnarnesi.²² Hringlaga gerði á Nesi, sem sáust á loftmyndum sem birtar voru í blöðum, hafa einnig vakið mikla athygli. Kristinn Magnússon gróf þar prufuskurð 1993, taldi þau manngerð og byggð skömmu eftir að landnámslagið féll. Ekki er þó fyllilega ljóst hvaða hlutverki þau gengdu.²³ Árið 1996 gróf Fornleifastofnun Íslands þrjá könnunarskurði á svæðinu og voru teknar níu könnunarholur í gerðin. Líklegt var talið að túngarðurinn og gerðin tengdust einhverskonar ræktun²⁴ og sýndu jarðborsýni að fosfatmagn í túninu væri hátt, óreglulegt og yfirleitt meira eftir því sem neðar dró í jarðveginn.²⁵ Til viðbótar við þessar rannsóknir hafa margvíslegar jarðmælingar verið gerðar á Seltjarnarnesi, t.d. upp- og hæðarmælingar,²⁶ viðnámsmælingar²⁷ og tekin jarðvegssýni.²⁸ Árið 2015 gerði Guðrún Alda Gísladóttir fornleifakönnun við Móakot og Safnatröð á Seltjarnarnesi á vegum Fornleifastofnunar Íslands vegna áforma um byggingu hjúkrunarheimilis á svæðinu. Niðurstöður þeirra rannsókna benda til að mannvistarleifar séu nokkuð óvenjulegar. Mikil móöskulög eru að finna á stórum hluta könnunarsvæðisins, frá 25-35 cm dýpi frá yfirborði, þau eru frá því að vera 2-4 cm þykk til allt að 14 cm í skurði 2 við bæjarhól Móakots. Í móöskunni má finna létta gjallmola, sem er sennilega brenndur jarðvegur sem hefur myndast við mikinn hita, t.d. í eldstæðum. Undir móöskunni, sem er bleik á lit, virðist sumstaðar torf með svartri gjósku, sem gæti verið Katla 1500. Torfið gæti verið úr byggingum, en hugsanlega einnig úr hreyfðum jarðvegi. Undir gjóskublandaða laginu virðist vera óhreyfður jarðvegur. Óvenjulegt er að finna svo umfangsmikil móöskulög í túni. Einnig er athyglisvert hve staðbundnar mannvistarleifarnar eru. Þær mannvistarleifar sem fundust virðast tengjast lágum hólum í túninu og er umfangsmesti hóllinn auðkenndur með rauðum hring (*sjá mynd 2*). Þar er mikil móaska og grjót sem gæti verið hleðslugrjót. Í skurði 21 fannst hleðsla, grjót og torf, í skurði 20 og 27 er líklegt að móaska liggi á torfi, þar eru smáhólar. Engir gripir fundust fyrir utan eina bronsþynnu í skurði 25 og lítill fjöldi gripa bendir til að þau séu eldri en ca. 1800 og út frá öskulaginu er líklegt að um tímabilið 1500-1800 sé að ræða.²⁹

²² Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Rúnar Leifsson 2006.

²³ Orri Vésteinsson 1995.

²⁴ Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson 1996.

²⁵ Matthildur Bára Stefánsdóttir 1996.

²⁶ Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson 1995.

²⁷ Birna Gunnarsdóttir 1996.

²⁸ Garðar Guðmundsson 1995.

²⁹ Guðrún Alda Gísladóttir 2015.



Mynd 2. Hér má sjá staðsetningu þeirra könnunarskurða sem Fornleifastofnun Íslands gerði árið 2015. Uppgriftarsvæði Mókots er afmarkað með dökkum ferningi, Framkvæmdasvæðið er afmarkað með rauðu og skurðirnir með númeri.³⁰

Í Mókoti hafa, eins og áður segir, farið fram árlegar fornleifarannsóknir á vegum Háskóla Íslands og samstarfsaðila frá árinu 2013. Helstu niðurstöður þeirra rannsókna er að útgerð virðist hafa verið stunduð á svæðinu og að búið hafi verið lengur á staðnum en ritaðar heimildir gefa til kynna.³¹

5. Uppgröfturinn 2016

Við uppgröftinn árið 2016 var fjarlæggt eitt mannvirki, jafnan kallað mannvirki B, í norðvestur hluta uppgriftarsvæðisins. Undir því mannvirki komu í ljós önnur mannvirki, tvær veggjahleðslur, [97] og [98] og ein bygging, D. Einnig voru grafinn mannvistarlög utan bygginganna þar sem var að finna mikið magn af dýrabeinum, þá sérstaklega fiskibeinum og skeljum.

³⁰ Guðrún Alda Gísladóttir 2015.

³¹ Gylfi Björn Helgason o.fl. 2015; Þórunn Karólína Pétursdóttir ofl. 2016.




Mynd 3. Nemendur við uppgröft. Verið er að fjarlægja byggingu B. Horft mót suðri.



Mynd 4. Fiskibeinalagið [71380] sigtað. Horft mót austri.

5.1 Aðferðafræði

Í uppgreftirnum var notast við einingaaðferðina (e. single context recording). Það felur í sér að hvert mannvistarlag á svæði er skráð sem stök eining. Á þetta jafnt við um jarðlag, holu eða byggingarluta. Síðan er hver eining mæld með alstöð á vettvangi og fær þá hlaupandi



Mynd 5. Kort af uppgraftarsvæðinu 2016. Inn á kortinu má m.a. sjá staðsetningu fiskibeinalags [71380] og skeljalags [73530]. Kortagerð: Margrét Jóhannsdóttir.

númer. Hver eining er ljósmynduð og lýst á sérstökum skráningarblöðum. Öllum mælingum með alstöð er síðan hlaðið niður í gagnagrunninn Intrasis (e. Intra-site Information System). Uppgröftur fór fram á vestari hluta uppgraftarsvæðis, vestan við byggingu A, þar sem byggingar B, C og D eru staðsettar. Gripir voru allir skráðir í Sarp með fundarnúmeri, stærð og þyngd ásamt ljósmynd. Fundaskrá 2016 má finna í viðaukum aftast í þessari skýrslu.

5.2 Lýsing á byggingum og öðrum mannvirkjum

Mannvirki A

Mannvirki A var grafið upp á árunum 2013 og 2014.³² Við hreinsun á uppgraftarsvæðinu árið 2016 fannst leirkersbrot (2016-21-12), mögulega úr smyrslakrús, sem var staðsett í mannvirki A. Einnig var grafinn fram veggur sem tilheyrir bæði byggingu A og C, annars var lítið grafið í mannvirki A árið 2016. Móaska [54797] fannst þar árið 2014 og er það eina vísbending um eldstæði sem hefur fundist í byggingakjarnanum til þessa.

Mannvirki B og hleðslur [97] og [98]

Mannvirki B var staðsett í norðvesturhluta uppgraftarsvæðisins og kom það í ljós þegar svæðið var stækkað árið 2015.³³ Í uppgreftinum árið 2016 var mannvirkið fjarlægt og komu í ljós veggjahleðslur [97] og [98] (sjá teikningu í viðauka). Hleðsla [98] er eldri og gengur hún inn í hleðslu [97], sem er bogadregin. Þessar hleðslur eru ekki í neinu samhengi við aðrar hleðslur á svæðinu. Auk þeirra kom í ljós mannvirki D í norðurhorni uppgraftarsvæðis sem stefnt er á að rannsaka nánar sumarið 2017. Mannvirki B innihélt engin eiginleg gólfög en jarðvegur í Móakoti er afar ormétinn og því mjög einsleitur. Það getur þó verið að í byggingunni hafi verið plankagólf, sem er að öllu horfið eða hafi verið fjarlægt á síðari stigum. Mikið af gripum var að finna í veggjafyllingu [67449] sem tilheyrði þessari byggingu og var fjarlægð.

Mannvirki C

Mannvirki C er staðsett sunnan við mannvirki B og deildu þau vegg, [87]. Út frá staðsetningu og jarðlagasamhengi er mannvirki C eldra en B en mannvirki B tengist þó yngra byggingarskeiði mannvirkis C. Hellulögð stétt, [94], er við inngang byggingar C í suðurenda mannvirkisins.³⁴ Hún liggur meðfram suðurgafli húsa A og C. Einnig var grafinn fram veggur, [71], sem tilheyrir bæði byggingu C og A, en báðar byggingarnar liggja í sömu átt.

³² Þórunn Karólína Pétursdóttir ofl. 2016, bls. 10.

³³ Sólrún Inga Traustadóttir, Sýlvía Oddný Arnardóttir og Þórunn Karólína Pétursdóttir, 2016, bls. 11.

³⁴ Þórunn Karólína Pétursdóttir ofl. 2016, bls. 11-12.

Mannvirki D

Mannvirki D er ferhyrind bygging í norðvestur horni uppgraftarsvæðisins og gengur hún áfram til norðurs og vesturs í sniði. Mannvirkið kom í ljós eftir að mannvirki B var fjarlæggt og snýr það í aðra átt en hin mannvirkin á svæðinu. Virðist þetta vera elsta mannvirkið sem hefur komið í ljós til þessa. Nokkru austar er að finna steinaröð, nokkuð raskaða sem gæti tilheyrta sama tímabili. Við steinaröðina fannst snældusnúður úr steini (2016-21-1). Þetta svæði verður rannsakað nánar sumarið 2017.




Mynd 6. Mannvirki D komið í ljós í norðvesturhorni uppgraftarsvæðis.



Mynd 7. Loftmyndir af uppgraftarsvæðinu í Móakoti 2015 (til vinstri) og 2016 (til hægri). Ljósmynd: Gísli Pálsson.

6. Gripir

Í rannsókninni árið 2016 voru alls skráð 240 fundanúmer. Af þessum 240 gripum fundust flestir fyrir utan byggingarnar, í lagi [68120] (mælt upp og skráð fyrst árið 2015). Þar fundust 87 gripir. Einnig í veggjarfyllingu [67449]³⁵, en þar fundust 78 gripir. Af þessum 240 skráðum gripum eru stærstu efnisflokkarnir leir, dýrabein og járn. Dýrabeinasafnið inniheldur mikið magn af fiskibeinum sem fundust úrgangslögum (ruslalögum), sem innihéldu þar að auki bláskel, skeljahismi, rónagla og öngla. Fjöldi fiskibeina á svæðinu, ásamt þessum gripum, hefur gefið ennþá skýrari mynd um hvað fiskur var mikilvægur fyrir ábúendur Móakots. Aðrir stærri efnisflokkar eru gler og gjall eins og sjá má á stöplaritinu hér á næstu síðu. Nánari lýsingar á einstökum efnisflokkum er að finna hér fyrir neðan og fundaskrá er að finna í viðaukum aftast í þessari skýrslu.



Mynd 8. Fjöldi funda eftir efni. Alls voru skráðir 240 fundir uppgrftarárið 2016 í Móakoti.

³⁵ Veggjafyllingin tilheyrir vegg [87] sem er sameiginlegur veggur bygginga B og C.

6.1 Leir

Keramik var með algengari efnunum sem fundust í Móakoti árið 2016. Er það nokkuð áhugavert í ljósi þess að samkvæmt munnlegum heimildum á Móakot að hafa fallið í eyði um 1779. Keramik varð hinsvegar ekki algeng eign meðal hins almenna Íslendinga fyrr en við enda 19. aldar og við byrjun 20. aldar.³⁶ Þetta gæti verið vísbending um lengri byggðarsögu



Mynd 9. Krítarpípuhaus 2016-21-167 úr veggjafyllingu [67449].

en munnlegar heimildir gefa til kynna. Hinsvegar gæti önnur ástæða útskýrt þennan fjölda. Mögulega hafa ábúendur Móakots notað jarðveg úr öskuhaug nágretta sinna í Nesstofu sem byggingarefni. Þar sem Nesstofa var heimili landlæknis er líklegt að ákveðnar *lúxus vörur* hafi verið þar á borðstólum á seinni hluta 18. aldar, meðal annars keramik.

Gripirnir fundust flestir fyrir utan mannvirkin en einnig í veggjafyllingu [67449], eða alls 14 gripir og var þar á meðal krítarpípuhaus (2016-21-167).

6.2 Gler

Í Móakoti eru skráð 24 fundanúmer fyrir gler. Litur glersins er oftast grænn eða brúnn og eru flest glerbrotin úr vínflöskum eða öðru flöskugleri. Þeir glergripir sem vöktu mesta athygli nemenda og leiðbeinenda voru tvær bláar sexhyrndar perlur (2016-21-104 og 105) sem fundust í veggjarfyllingu [67449] í byggingu C. Þær voru báðar 0,45 cm í þvermál. Þessar



Mynd 10. Glerperla 2016-21-105.

perlur gætu hafa verið hollenskar eða rússneskar, samkvæmt *The history of beads, from 30,000 B.C. to the present* eftir Lois Sherr Dubin.³⁷ Tilvist þessara gripa á Íslandi gætu bent til viðskipta á milli Íslands og Rússlands eða Hollands.

Í sama jarðlagi fannst einnig eitt glerbrot sem gæti verið úr passaglasi (2016-21-90).³⁸ „Passaglös voru upphá drykkjarglös úr grænleitu gleri, oftast með kantaðar hliðar.

³⁶ Lucas, G. 2010, bls. 126.

³⁷ Dubin, Lois Sherr 1987.

³⁸ Samtal Guðmundur Ólafsson.

Einkennandi fyrir glösin eru utanálíggjandi glerþræðir sem liggja eins og þverstríkmeð mislöngu millibili. Þau voru afar verðmæt og voru algeng meðal evrópskra höfðingja á 16. og 17. öld en voru í notkun allt fram á 18. öld. Þau voru gjarnan notuð undir sterkan bjór.”³⁹ Glerbrot úr slíkum glösum hafa fundist í uppgröftum, m.a. á Bessastöðum, Hólum í Hjaltadal og í Skálholti.⁴⁰

6.3 Járn

Alls eru skráð 43 fundanúmer fyrir járn en langmest er af nöglum, þar á meðal eru þrír rónaglar. Naglarnir fundust oftast í torfveggjum eða í hruni á milli bygginga. Þrír önglar fundust fyrir utan byggingar Móakots, að vestanverðu. Auk þessa fannst ein skeifa.

6.4 Málmar

Tveir hnappar úr málm fundust, annar (2016-21-179) við hreinsun á torfvegg [73397], í byggingu C. Hann er 2,9 cm á lengd og 2,3 cm í þvermál. Hinn er úr kopar eða bronsi og fannst neðst í veggjafyllingu [67449]. Aðrir málmgripir voru þrjár koparþynnur.

6.5 Skel

Mikið af skeljum og skeljahismum var að finna við uppgröftinn og var tekið sýnishorn af þeim til varðveislu. Skráð voru sjö fundanúmer en nokkur þeirra innihalda yfir 100 skeljabrot. t.d. 2016-21-73 í fundaskrá úr jarðlagi [73530].

6.6 Bein



Mikið fannst af dýrabeinum í Móakoti, líkt og árum áður og voru þau öll tekin til varðveislu til greininga síðar. Flest beinin voru skráð saman í stærri beinasöfn undir einu fundanúmeri. Sem dæmi þá má nefna inniheldur fundur númer 2016-21-66 í fundaskránni fjóra poka af dýrabeinum sem samtals vega 2.545 grömm. Ekki hefur farið fram greining á dýrabeinunum en má sjá að mörg þeirra eru úr fiski og fengu tvö jarðlög vinnuheitið *fiskibeinalag*: [71380] og [74002], sem voru bæði staðsett fyrir utan og vestan við byggingar B og C.

Mynd 11. Hauskúpa úr fugli 2016-21-69 sem fannst í fiskibeinalagi [71380].

³⁹ Guðmundur Ólafsson 2013, bls. 79.

⁴⁰ Sama.



Mynd 12. Fiskibeinalag [71380] heldur áfram til vesturs í sniði á uppgraftarsvæðinu. Í því voru m.a. rónaglar, önglar, skeljar og fiskibein. Skalinn á myndinni hægra megin er 20 cm. Horft í norðvestur.

6.7 Steinn

Alls eru skráðir 14 steinafundir, þar af eru nánast helmingur vikur, eða sex talsins. Þeir gripir sem vert er að nefna eru nokkur brýnisbrot: 2016-21-209, 2016-21-238, 2016-21-148 (11 brot). Brýni eru meðal algengustu gripafunda á Íslandi í uppgröftum og hafa verið framleidd frá norrænni járnöld til miðbiks 20. aldar.⁴¹ Ísland er jarðfræðilega ung eyja sem liggur á flekaskilum og fyrir vikið er myndbreytt berg ekki að finna hér á landi nema sem fjörureki.⁴² Oft finnast á Íslandi brýni úr flögubergi og er virðast brýnin sem fundust árið 2016 í Móakoti vera úr því.



Mynd 13. Snældusnúður 2016-21-1.

Fyrsti gripafundur ársins var ekki af verri endanum en það var snældusnúður úr steini (2016-21-1). Hann fannst við hreinsun fyrir utan mannvirkin á norðaustur hluta

uppgraftarsvæðisins. Ekki er búið að rannsaka snældusnúðinn að fullu en þó nokkrar

kenningar hafa komið upp um hann. Meðal annars að hann sé búin til úr sandsteini úr Esjunni, það hefur þó ekki verið staðfest af sérfræðingi. Snúðurinn er 5 cm í þvermál og opið er 1,6-

⁴¹ Hansen, S.C.J. 2009.

⁴² Þorleifur Einarsson 1991, bls. 111, 115-116.

2,0 cm í þvermál. Á botninum á snúðnum er búið að rissa krossmark. Er þetta nokkuð áhugaverður fundur þar sem snældusnúðar finnast oft í eldri mannvistarlögum, t.d. í víkingaaldarsamhengi: í skálum, jarðhýsum, kumlum o.s.frv.

Sýnt hefur verið fram á að samfelld byggð hefur verið í Nesi frá því um 900 eftir Krist.⁴³ Spurning er hvort snældusnúðurinn sé merki þess að í Móakoti hafi verið búið svo snemma, líkt og á Nesi. Svæðið þar sem snúðurinn fannst verður skoðað nánar árið 2017 og þá vonandi skýrist aldur kotsins enn frekar. Það verður þó einnig að teljast líklegt að hann hafi borist þangað með öðrum hætti, þá löngu síðar. Hann gæti hafa verið tekinn úr bæjarhólnum á Nesi, þar sem búseta nær svo langt aftur í tíma.

6.8 Viður

Fjöldi muna úr viði voru 10, um 67 brot. Sumir viðarbútar fundust í hrúni milli bygginga B og C. Eitt viðarbrot fannst í fiskibeinalagi [71380]. Varðveisluskilyrði eru ekki góð fyrir við en jarðvegurinn er afar ormétinn eins og áður hefur komið fram í framvinduskýrslum um rannsóknina.

6.9 Lífrænt efni

Það fundust tveir sveppir (2016-21-175), annar í veggjafyllingu [67449] á byggingu B og C. Hinn (2016-21-189), fannst í skeljalagi [78101] fyrir utan byggingarnar að vestanverðu. Ekki er hægt að fullyrða um hvers konar sveppi er að ræða, en samkvæmt skýrslunni um Móakot 2015 fannst einnig sveppur það ár, líklega af sömu tegund. Sá sveppur virtist vera sortukúla (l. *Bovista nigrescens*) eða merarostur, gorkúla sem er mjög algengur sveppur og vex í graslendi eða móum, oft í nágrenni býla, er kúlulaga eða ílöng og 3,7 cm í þvermál. Sveppurinn er fínn matarsveppur.⁴⁴

6.10 Kol

Tíu brot af viðarkolum fundust í torfveggjum. Aðrir viðarkolamolar fundust fyrir utan mannvirki Móakots. Tvö brot voru af steinkolum í lagi [68120].


6.11 Gjall

Alls fundust 55 gjallmolar skráðir á 10 fundanúmer. Ekki er búið að rannsaka hverskonar gjallmolar þetta eru, þ.e. hvort það sé úr rauðblástri eða úr innfluttu hráefni sem var svo notað

⁴³ Orri Vésteinsson 1995, bls. 10.

⁴⁴ Ása M. Ásgrímsdóttir 2013, bls. 114-115; Þórunn Karólína Pétursdóttir, o.fl. 2016, bls. 17.

fyrir járngerð. Hinsvegar er þessi fundartala fyrir gjall í ár hærri en hún hefur verið árum áður í Móakoti.⁴⁵ Litlu léttu gjallmolarnir sem fundust gætu hafa myndast í eldstæði þegar mór var brenndur við háan hita en töluvert er að finna af slíkum molum á svæðinu. Við framkvæmdarannsóknina 2015 var töluvert magn af móösku að finna norðaustan og austanmegin við bæjarstæði Móakots.⁴⁶ Á 19. öld voru margir öskuhaugar nýttir sem áburður fyrir tún.⁴⁷



Mynd 14. Stöplarit sem sýnir þyngd ákveðna efnisflokka í grömmum.

7. Umræða

Mörgum spurningum er enn ósvarað um hjáleiguna Móakot. Þrátt fyrir munnmæli sem segja að bærinn féll í eyði 1779 þá gefa fornleifarannsóknir til kynna yngri minjar á bæjarstæðinu. Greinilegt er að fiskur hefur skipt gríðarlegu máli fyrir ábúendur og hafi hugsanlega verið megin fæða og tekjulind. Nokkur mannvirki og leifar mannvirkja hafa komið í ljós á bæjarstæði Móakots en þau eru þó ekki öll samtíða. Enn sem komið er þá er mannvirki D elsta byggingin á svæðinu en rannsókn á henni er rétt hafin. Bygging B var fjarlægð nánast að fullu árið 2016 og er hún því yngri en A og C sem eru samtíða, a.m.k. um eitthvert skeið.

⁴⁵ Gylfi Björn Helgason ofl. 2015, bls. 24

⁴⁶ Guðrún Alda Gísladóttir 2015, bls. 3.

⁴⁷ Birna Lárusdóttir 2011, bls. 31.

Engar ítarlegar aldursgreiningar hafa verið gerðar á þessu stigi rannsóknarinnar og því ekki hægt að segja til um nákvæman aldur bygginganna að svo stöddu.

Þó nokkuð af eldri gripum hafa fundist á bæjarstæðinu, þ.á.m. snældusnúður úr steini (2016-21-1) sem fannst við norðurbakka uppgraftarsvæðisins, en slíkir gripir finnast yfirleitt í eldri mannvistarlögum, eins og kunnugt er. Þrátt fyrir ummerki um leifar eldri en frá 18. öld þá gætu ýmsar skýringar verið fyrir því. Helst mætti ímynda sér að eldri gripir og einnig þeir sem teljast vera lúxusvarningur (t.d. passaglas og glerperlur) bærust með einhverjum hætti frá bæjarstæðinu í Nesi yfir til Móakots. Bæði landfræði- og samfélagsleg tengsl þessara tveggja býla, Móakots og Ness, má augljóslega greina í þeim fornleifafraðilegu gögnum sem nú hafa safnast við fornleifarannsóknir á bæjarhóli Móakots. Áætlað er að halda rannsóknum áfram í Móakoti og á því enn eftir að bætast við gagnasafnið sem getur varpað ljósi á efnismenningu staðarins og tengsl hans við býlin í nágrenninu.



Mynd 15. Hópmynd af nemendum og leiðbeinendum við lok uppgrftar í Móakoti 2016. Ljósmynd: Gísli Pálsson.

8. Heimildir

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995. *Fornleifarannsóknir á Nesi við Seltjörn II. Skýrsla um uppmælingar á minjum við Nesstofu 1995*. FS006-95012. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Anna Lís Guðmundsdóttir. 2009. *Fornleifaskráning. Örfirisey og Grandinn*. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur.

Ása M. Ásgrímsdóttir. 2013. *Matarsveppir í náttúru Íslands*. (3. prentun). Reykjavík: Mál og Menning.

Birna Gunnarsdóttir tók saman. 1995. *Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi*. Ágúst Ólafur Georgsson skráði. Birna Gunnarsdóttir vann skýrsluna fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Birna Gunnarsdóttir. 1996. *Fornleifarannsóknir á Nesi við Seltjörn VII. Viðnámsmælingar í túni við Nesstofu 1996*. FS029-95017. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir. 2011. *Mannvist. Sýnisbók íslenskra fornleifa*. Reykjavík: Opna.

Dubin, Lois Sherr. 1987. *The history of beads: from 30,000 B.C. to the present*. London: Thames and Hudson.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Rúnar Leifsson. 2006. *Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi*. FS305-05221. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Finsen, H. og Hiort, E. 1978. *Steinhúsin gömlu á Íslandi*. Kristján Eldjárn þýddi. Reykjavík: Iðunn.

Garðar Guðmundsson. 2006. *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn II. Athugun á ástandi jarðvegs og varðveisluskilyrðum jurta og dýraleifa í Nesi við Seltjörn 1995*. FS006:95012. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Guðmundur Ólafsson og Helgi Þorláksson. 1995. *Staða fornleifaskráningar á Íslandi 1995*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson. 1997. *Nes við Seltjörn. Rannsókn í túni og vegarstæði vegna skipulags*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson. 2000. *Minnismerki við Nesstofu á Seltjarnarnesi*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson og Hansen, S. C. J. 2007. *Nes við Seltjörn. Fornleifarannsóknir 2006. Framvinduskýrsla*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson. 2013. *Bessastaðarannsókn II. Kirkjugarður og miðaldaminjar, uppgraftarsvæði 12-15*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2013/2. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2015. *Fornleifakönnun við Móakot og Safnatröð á Seltjarnanesi*. Skýrsla nr. FS573-15281. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Guðrún Sveinbjarnardóttir. 1996. *Leirker á Íslandi*. Reykjavík. Rit Hins íslenska fornleifafræðifélags og Þjóðminjasafns Íslands.

Gylfi Björn Helgason, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir. 2015. *Fornleifarannsókn í Móakoti 2014*. Framvinduskýrsla. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Hansen, S.C. J. 2009. *Wheatstones from Viking Age Iceland. As part of the Trans-Atlantic trade in basic commodities*. (M.A. ritgerð). Háskóli Íslands. Reykjavík.

Haraldur Þór Hammer Haraldsson og Hrafnhildur Helga Halldórsdóttir. 2013. *Móakot og Gerði 19 - Uppgröftur á Seltjarnanesi - Áfangaskýrsla 2013*. (óútgefin námsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Heimir Þorleifsson. 1991. *Seltirningabók*. Seltjarnarnes: Seltjarnarnesbær.

Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1996. *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn V. Skýrsla um fornleifauppgröft í túni við Nesstofu 1996*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

JÁM III. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Þriðja bindi*. [Önnur útgáfa]. 1980-1990. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Kristinn Magnússon og Guðmundur Ólafsson. 2006. *Beinafundur hjá Nesi við Seltjörn*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Kristín Huld Sigurðardóttir. 1987. *Fornleifarannsókn að Suðurgötu 7 í Reykjavík*. Árbók Hins íslenska fornleifafræðifélags 83, 143-164.

Lucas, G. 2010. The Ceramic Revolution in Iceland 1850-1950. Í J. Symonds (ritstjóri), *Table settings: The Material Culture and Social Context of Dining, AD 1700-1900*, bls. 125-132. Oxbow books.

Lucas, G. og Guðmundur Ólafsson. (e.d.) 2012. *Archaeological Investigations at Litlibær, Nes in Seltjarnarnes 2012*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Lúðvík Kristjánsson. 1980. *Íslenzkir sjávarhættir I*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs: Reykjavík.

Lýður Björnsson. 2006. *Básendaflóðið 1799*. Vefnir 6.

Margrét Hermanns Auðardóttir. 2005. *Fornleifarannsóknir við Bygggarðsvör á Seltjarnanesi 2004*. Ísland: Seltjarnarnes.

Matthildur Bára Stefánsdóttir. 1996. *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn VI. Efnasambönd fosfórs í jarðvegi við Nesstofu á Seltjarnanesi*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Matthías Þórðarson. 1944. *Fundnar fornleifar í Reykjavík*. Heimilisblaðið Vikan, 7 (23.-24).

Parigoris, A. 2005. *Archaeological Investigation at Nesstofa*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Roberts, H. M. (ritstj.). 2001. *Fornleifarannsókn á lóðunum / Archaeological Excavations at Aðalstræti 14-18, 2001*. FS156-00161. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Roberts, H. M. 2001. *Fornleifarannsókn á lóðunum / Archaeological Excavations at Aðalstræti 14-18, 2001. A Preliminary Report / Framvinduskýrslur*. FS156-00161. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Sigurjón Páll Ísaksson og Þorgeir S. Helgason. 1995. *Vetrarmyndir frá Nesi við Seltjörn og Laugarnesi*. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1994 91, 149-162.

Orri Vésteinsson. 1995. *Fornleifarannsókn í Nesi við Seltjörn IV: Tillögur um rannsóknir og kynningu á menningarminjum í Nesi*. Skýrsla nr. FS008:95014. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. 1990. *Fornleifarannsókn við Nesstofu 1989*. Rannsóknarskýrsla. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Þorleifur Einarsson. 1991. *Myndun og mótun lands. Jarðfræði*. Reykjavík: Mál og menning.

Þórunn Karólína Pétursdóttir, Sylvía Oddný Arnardóttir og Sólrún Inga Traustadóttir. 2016. *Fornleifarannsókn í Móakoti 2015*. Framvinduskýrsla. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Örnólfur Thorsson. 1990. „Leitin að landinu fagra.“ Hugleiðing um rannsóknir á íslenskum fornþingmenntum. *Skáldskaparmál* (1), 28-53.

9. Viðaukar

Einingaskrá

Harris Matrix Flæðirit

Teikningar nemenda

Fundaskrá

Ljósmyndaskrá


Einingaskrá 2016-21

Eining	Staður/ár	Gerð	Lýsing
92	Móakot 2016	Steinar	Steinaröð sem gengur í N undir snið í NA horni uppgraftarsvæðis. Grafið og fjarlægt 2015.
94	Móakot 2016	Stétt	Steinhleðsla. Hellulögð stétt fyrir utan byggingu C. Mögulega samtíða stétt [73] sem er fyrir framan byggingu A og liggur í sömu hæð. Ógrafið 2016- en mælt með alstöð.
95	Móakot 2016	Gólf-Hellulagt	Hellulagt gólf í byggingu C. Samtíða stétt [94] fyrir utan byggingu C. Ógrafið 2016 en mælt með alstöð
96	Móakot 2016	Torfveggur	Torfveggur með steinahleðslum, afmarkar inngang til vesturs í byggingu C. Sennilegast sami og [87]/[67449] en bláu perlurnar tvær fundust í þessum tveimur veggjum.
97	Móakot 2016	Torfveggur	Bogadreginn veggur sem liggur í NS. Fyllingin var mestmegnis marglitt torf með gjósku úr Kötlu 1500. Neðri mörk óljós, ekki fullgrafið.
98	Móakot 2016	Veggur/göng	Steinhleðslur fyrir miðju svæðis á vesturhluta uppgraftarsvæðis. Sést móta fyrir 3-4 steinaröðum í hleðslunum sem virðast mynda göng eða inngang. Syðri hleðslan tengist byggingu C en sú nyrðri virðist afmarka fleiri rými eða byggingu til norðurs. Greinilegt að þetta eru hlutar af eldri byggingu á svæðinu sem tengjast á einhverjum tíma byggingu C. Gæti mögulega tengst byggingu D sem er ógrafin í NV-enda/horni uppgraftarsvæðis.
99	Móakot 2016	Veggur	Innri veggjabrún á byggingu D. Steinar sem sjást á yfirborði og afmarka byggingu D í NV-horni uppgraftarsvæðis 2016. Ógrafið og mælt upp að hluta árið 2016.


67449	Móakot 2016	Fylling í vegg	V-veggur bygginga B og C. Mold í vegg [87]. Afar ormétin og illa farinn. Efnið í hann hefur mögulega verið sótt á bæjarhólinn því hann er fullur af gripum og beinum. Gripir voru tvær bláar perlur (2016-21-104, 2016-21-105). Mikið af dýrabeinum, leirker, gler, krítarpípur, járn, önglar og naglar. Smá gjallmolar og lífrænt efni (mögulega sveppur). Neðst í veggnum fannst brons/kopar hnappur með skrauti (2016-21-162). Veggurinn er aðeins siginn inn í byggingu C.
71380	Móakot 2016	Fiskibeinalag	Fiskibeina-ríkt jarðlag, staðsett fyrir utan NV-vegg bygginga B og C. Lagið heldur áfram í sniði til vestur. Aðallega fundust fiskibein en einnig önnur dýrabein. Einnig fundust önglar, keramik og naglar. Lagið var allt sigtað með 5mm sigti.
72880	Móakot 2016	Mannvistarlag	Mannvistarlag á mörkum bygginga B og C. Jarðlagið undir líklegast eins. Lag [65517] snertir [72880] að norðanverðu. Gripir sem fundust voru meðal annars bein, kol og nagli.
73304	Móakot 2016	Moldarveggur/torf	Tengist byggingu A, hluti af byggingu C. Bein fundust í vesturenda veggisins.
73397	Móakot 2016	Moldarveggur/torf	Ógrafið. NA-veggur við inngang í byggingu C. Ein af tveimur veggjum sem standa hlið við hlið. Óljóst hver afstaða veggisins sé gagnvart [73304] sem tengist greinilega byggingu A.
73530	Móakot 2016	Ruslslag	Lagið var fullt af skeljum og beinum og tengist líklegast lögunum [74002] og [71380]. Lagið liggur vestan við byggingu C. Helmingur lagsins var sigtaður.
73811	Móakot 2016	Mannvistarlag	Brúnt mannvistarlag í austari enda í byggingu C. Fannst sandur í NV horni lagsins og torf í austari enda lagsins. Nokkuð var um steina. Gripir voru naglar, glerbrot og bein.
74002	Móakot 2016	Fiskibeinalag	Lagið er NV við byggingar B og C. Fannst mikið af beinum milli steina, tengist mögulega lagi [71380]. Gripir sem fundust voru fiskibein og öngull.

74664	Móakot 2016	Hrun	Mörkin voru skýr upp við torfvegg [71]. Ormétin mold og mikið fannst af dýrabeinum, eitthvað af kolum og viði. Mikið af steinum sem bendir til þess að lagið sé hrun úr byggingum á svæðinu.
76408	Móakot 2016	Fylling í vegg	Fylling í vegg milli bygginga B og C. Liggur ofar í norður hluta, en neðar í suður hluta við gólf [95] í byggingu C. Samtíða vegg [87]/[67449]. Lagið er mjög ormétið og afar líkt jarðlögum í kring.
78101	Móakot 2016	Skeljalag	Lagið er staðsett vestur af byggingu C. Einkennist af skeljum; bæði heilar í haugum og mikill mulningur. Lagið afmarkast af steinhleðslu sem myndar boga.
78867	Móakot 2016	Torfveggur	Fylling í A-hluta veggjar [97]. Greinilegt og marglitað torf ofarlega í laginu sem verður óljósara þegar neðar dregur í vegginn. Gjóska, líklegast K-1500, er greinileg í torfinu.
78888	Móakot 2016	Hola	Eggлага hola, grunn í S-enda en verður dýpri í N-enda. Önnur hringlaga minni hola er dýpst í N-enda eggлага holunnar og er lárétt. Minnir helst á músarholu.
78898	Móakot 2016	Mannvistarlag	Ormétið mannvistarlag, undir torfvegg [67449]/[87] úr byggingu B. Norður af byggingu C. Gripir voru dýrabein, keramik, brýni, naglar og flöguberg (þakhellur).
79382	Móakot 2016	Mannvistarlag	Lagið tengist og svipar mjög til [78101]. Í vestur hluta lagsins var töluvert af skeljamulningi en töluvert minna í A-hluta lagsins sem er torfkenndara. Í austari hluta lagsins fannst örlítið af beinum en eina sem fannst í vestari hlutanum voru tveir rónaglar. Mikið er af steinum í laginu.
79472	Móakot 2016	Torf/hrun	Lagið er staðsett vestur af byggingu A. Þrjár hleðslusteinar voru í laginu. Brýni og naglar fundust í laginu. Einnig gjóska, sennilegast K-1500.

Harris Matrix - flæðirit




Teikningar nemenda




Mynd 16. Uppgriftarsvæði Móakots. Kortagerð: Ómar Valur Jónsson.

Uppgriftarsvæði, 2016



Mynd 17. Svæðið sem lögð var áhersla á, árið 2016. Sést móta fyrir byggingum B og C. Kortagerð: Ómar Valur Jónsson.



Mynd 18. Teikning af veggjaleifum [97] og [98]. Teikning: Margrét Jóhannsdóttir.

Fundaskrá Móakot 2016-21

Nr.	Heiti	Nr. Lags	Lýsing	Efni	Fjöldi	Brot	Vigt [gr]	L [cm]	B [cm]	H [cm]	Intras is [ID]
1	Steinn, Snældusnúður	68120	Snældusnúður úr íslenskum steini, líklegast úr klébergi. Opið er 1,6-2,1 cm í þvermál, breikkar niður. Á botni er rist krossmark, armarnir eru 1,5-1,7 cm langir. Fannst við hreinsun fyrir utan byggingar.	Bergtegund - Tálgusteinn - Kléberg. Bergtegund - Steinn.	1	1	64	5.2		2	72955
2	Leirker, Keramik, Pottur	68120	Tvö grábrúnleit leirkersbrot, líklegast úr potti. Leifar af smá glerungi að utanverðu. Fannst við hreinsun utan við byggingar.	Jarðvegur - Leir - Steinleir. Brenndur leir - Keramik.	1	2	12	5.2	3.9	0.5	
3	Leirker, Keramik, Pottur	68120	Tvö rauðbrúnleit leirkersbrot úr rauðleir. Hluti af þrífættum potti, glerungur sjáanlegur að innanverðu. Fannst fyrir utan byggingar.	Jarðvegur - Leir - Rauðleir. Brenndur leir - Keramik.	1	2	28	4	3.2	1.9	

4	Leirker, Keramik	68120	Tvö rauðleit leirkersbrot. Fannst við hreinsun utan við byggingar.	Jarðvegur - Leir - Rauðleir. Brenndur leir - Keramik.	1	2	2	2.2	1.8	0.4	
5	Gler, Flaska	68120	Grænt flöskuglerbrot, líklega úr vínflösku. Fannst við hreinsun utan við byggingar.	Gler.	1	1	8	3.5	2.2	1	
6	Gler, Flaska	68120	Þrjú brúnleit glerbrot, líklegast úr flösku. Fannst við hreinsun utan við byggingar.	Gler.	1	3	<1	2.1	1.9	0.3	
7	Leirker, Keramik	68120	Lítið hvítt keramikbrot. Fannst við hreinsun utan við byggingar.	Jarðvegur - Leir - Hvítleir. Brenndur leir - Keramik.	1	1	<1	1.1	1	0.3	
8	Leirker, Keramik	68120	Tvö keramikbrot úr hvítleir. Fannst við hreinsun utan við byggingar.	Jarðvegur - Leir - Hvítleir. Brenndur leir - Keramik.	1	2	1	2.1	2	0.3	
9	Járn, Nagli	68120	Sjö járnnaclar.	Málmur - Járn.	7	7	48	4.2	1.8		
